


24. janúar 2023



Beiting nauðungar í heilbrigðisþjónustu Lagaumgjörð og væntanlegar breytingar

Sigurður Kári Árnason, yfirlögfræðingur heilbrigðisráðuneytisins

| Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið



Yfirlit yfir helstu lagabálka

- Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944
- Mannréttindasáttmáli Evrópu, sbr. lög þar um nr. 62/1994.
- Lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007
- Lögræðislög nr. 71/1997
- Lög um réttindi sjúklinga nr. 74/1997
- *Ath. að heimilisfólk á hjúkrunarheimilum eru notendur heilbrigðisþjónustu og þar með sjúklingar í skilningi heilbrigðislöggjafarinnar.*
 - *Engu að síður þarf að taka tillit til þess að viðkomandi heilbrigðisstofnun er jafnframt heimili þeirra í skilningi stjórnarskrárinnar.*



Ákvæði stjórnarskrárinnar

- 1. mgr. 65. gr.: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.“
- 1. mgr. 67. gr.: „Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.“
- 1. mgr. 68. gr.: „Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.“
- 1. og 3. mgr. 71. gr.: Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. [...]Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.
- 1. mgr. 76. gr.: „Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika.“



Meginreglan er bann við beitingu nauðungar

- Af ákvæðum stjórnarskrár og almennum mannréttindasjónarmiðum leiðir að óheimilt er að beita einstaklinga nauðung eða takmarka stjórnarskrárvarin réttindi þeirra nema:
 - Til þess standi skýr lagaheimild og
 - Brýna nauðsyn beri til vegna réttinda annarra (þetta skilyrði er breytilegt milli stjórnarskrárákvæða)



Meginreglan um sjálfsákvörðunarrétt sjúklunga

- Á grundvelli friðhelgi einkalífs hefur verið lögfestur sjálfsákvörðunarréttur sjúklings, þ.e. að sjúklingur ákveður sjálfur hvort hann þiggi eða hafni meðferð, sbr. 7. og 8. gr. laga um réttindi sjúklunga, nr. 74/1997.
- Ein skýr undanþága í lögum í dag í 9. gr.: „Nú er sjúklingur meðvitundarlaus eða ástand hans að öðru leyti þannig að hann er ófær um að gefa til kynna vilja sinn varðandi meðferð sem telst bráðnauðsynleg. Í því tilviki skal taka samþykki hans sem gefið nema fyrir liggi örugg vitneskja um að hann hefði hafnað meðferðinni.“
- Athuga þó þá nauðung sem getur talist liður í „meðferð“ sjúklings.



Skýrsla UA um eftirlitsheimsókn hans á lokaðar deildir geðsviðs Landspítala frá árinu 2019

- OPCAT eftirlit umboðsmanns Alþingis
- Í skýrslunni kemur fram að verulega skorti fullnægjandi heimildir og umbúnað í gildandi lögum vegna þeirra inngripa, þvingana og valdbeitingar sem spítalinn telur nauðsynlegar.
- UA beindi því til HBR að skoða lagabreytingar.



Frumvarp til breytinga á lögum um réttindi sjúklunga (takmörk á beitingu nauðungar)

- Nauðung skilgreind
- Meginreglan um bann við beitingu nauðungar. Dregið úr nauðung.
- Undanþága frá banninu í „*sérstökum og einstaklingsbundnum tilvikum*“.
 - Koma í veg fyrir að sjúklingur valdi sér eða öðrum líkamstjóni eða stórfelldu eignatjóni eða
 - Uppfylla grunnþarfir sjúklings, svo sem varðandi næringu, heilsu og hreinlæti
- Tilkynningar- og skráningarskylda



Hvað er nauðung?

- Nauðung: Athöfn sem skerðir sjálfsákvörðunarrétt einstaklings gegn vilja hans eða þrengir svo að sjálfsákvörðunarrétti hans eða öðrum stjórnarskrárvörðum réttindum að telja verður það nauðung þó að hann hreyfi ekki mótmælum. Til nauðungar telst meðal annars þegar:
 - Líkamlegu valdi er beitt, t.d. í því skyni að koma í veg fyrir að sjúklingur skaði sig eða aðra eða valdi stórfelldu eignatjóni.
 - Sjúklingi er haldið kyrrum og gefið lyf í þeim tilgangi að draga úr ofbeldisfullri hegðun.
 - Sjúklingi er gefið lyf gegn vilja hans í þeim tilgangi að hafa áhrif á hegðun hans.
 - Sjúklingi er neitað um umgengni við aðra.
 - Húsnæði eða herbergi sem tilheyrir sjúklingi er læst.
 - Sjúklingur er læstur inni eða ferðafrelsi hans skert með öðrum hætti.
 - Sjúklingur er fluttur milli staða gegn vilja sínum.
 - Aðgangur sjúklings að eignum sínum er takmarkaður eða þær fjarlægðar gegn vilja hans.
 - Valdi eða þvingun er beitt við athafnir daglegs lífs.
 - Leit er gerð á sjúklingi eða í herbergi hans.
 - Eftirlit er haft með póst- eða bréfasendingum sjúklings á heilbrigðisstofnun.
 - Aðgangur sjúklings að tölvu og/eða síma er takmarkaður eða háður eftirliti starfsmanns.



Frumvarp um takmörk á beitingu nauðungar frh.

- Neyðartilvik þegar ekki vinnst tími til undanfarandi formlegrar ákvörðunar
 - „í því skyni að koma í veg fyrir yfirvofandi líkamstjón, stórfelld eignatjón eða röskun á almannahagsmunum“
- Málsmeðferð við ákvörðun um undanþágu.
- Sérfræðiteymi. Margþætt hlutverk.
- Málskot til dómstóla.



Frumvarp um takmörk á beitingu nauðungar frh.

- Frumvarpið hefur tvívegis verið lagt fram.
- Samráðshópur vinnur nú að tillögum til HBR um breytingar á frumvarpinu.
- Stefnt að framlagningu frumvarpsins eftir áramót.
- Yrði mikil réttarbót fyrir sjúklinga, einkum í geðheilbrigðisþjónustu og á hjúkrunarheimilum.